

BORGARRÁÐ 7. mars 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sparnað vegna niðurlagningu Borgarskjalasafns - MSS24030048

Hver verður sparnaður af niðurlagningu Borgarskjalasafns og flutning gagna þess á Þjóðskjalasafn þegar búið verður að samþykkja lög (drög af frumvarpi til laga liggur nú fyrir), sem kveða á um að þegar skjöl sveitarfélags eru afhent Þjóðskjalasafni Íslands skal greiða fyrir móttöku þeirra, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit samkvæmt gjaldskrá?

Greinargerð.

Niðurlagning Borgarskjalasafns var sögð vera í sparnaðarskyni? Nú liggja fyrir drög að frumvarpi um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn. Þar segir að standi til að hætta starfsemi héraðsskjalasafna skal Þjóðskjalasafni afhent safngögnin á kostnað þess sveitarfélags sem að því stóð. Í 2. gr. b liðar er kveðið á um að þegar skjöl sveitarfélags eru afhent Þjóðskjalasafni Íslands skal greiða fyrir móttöku þeirra, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit samkvæmt gjaldskrá. Af þessu er ljóst að allar gefnar forsendur vegna flutnings Borgarskjalasafns eða gagna safnsins yfir til Þjóðskjalasafns, hljóta að vera brostnar þegar þetta frumvarp verður samþykkt. Sá meinti sparnaður sem lagður var til grundvallar niðurlagningu safnsins getur því varla verið enn til staðar.